

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

AUKAFUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILID 2018-2022

Árið 2020, föstudaginn 5. júní kl. 8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 1.

Mætt voru Samúel Kristjánsson, Karl Guðmundur Kjartansson, Elsa G. Borgarsdóttir, Örn Elías Guðmundsson og Elín Gylfadóttir.

Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri, ritaði fundargerð.

Samúel Kristjánsson setti fundinn.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Ársreikningur Súðavíkurhrepps 2019 – síðari umræða.
2. Jafnréttisáætlun Súðavíkurhrepps.
3. Sorpútboð – kynning tilboða.
4. Velferðarnefnd.
5. Átaksverkefni í Súðavíkurhreppi.
6. Reglur um byggðakvóta Súðavíkurhrepps 2019-2020.
7. Gjaldskrá Súðavíkurhrepps.
8. Sorpmál og refaveiðar – Inndjúp.
9. Skýrsla sveitarstjóra.

Afgreiðsla erinda:

1. Ársreikningur Súðavíkurhrepps 2019 – síðari umræða.
Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps samþykkir ársreikning ársins 2019 samhljóða.
2. Jafnréttisáætlun Súðavíkurhrepps.
Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps samþykkir jafnréttisáætlun fyrir árin 2020-2022.
Sveitarstjórn tilnefnir eftirtalda í jafnréttisnefnd; Linda Lee, Anne Berit, Matthias Troost.
3. Sorpútboð – kynning tilboða.
Lagt fram til kynningar – frestað til næsta fundar. Sveitarstjóra falið að taka saman greinargerð um tilboðin og samanburð.
4. Velferðarnefnd.
Með vísan í samning við Ísafjarðarbæ um veitingu félagsþjónustu fyrir Súðavíkurhrepp er velferðarnefnd lögð niður í Súðavíkurhreppi. Þess í stað verða tilnefndir aðalmaður og varamaður í velferðarnefnd Ísafjarðarbæjar og varamaður af hálfu Súðavíkurhrepps með málfrelsi og tillögurétt.
Sveitarstjórn tilnefnir Dagbjörtu Hjaltadóttur sem aðalmann og Ásgeir Hólm Agnarsson sem varamann í velferðarnefnd Ísafjarðarbæjar.
5. Átaksverkefni í Súðavíkurhreppi.
Sveitarstjóra falið að gera samstarfssamning við Melrakkasetur Íslands og Raggagarð um átaksverkefni fyrir atvinnulausa í sumarvinnu sumarið 2020, fram til loka ágúst.
Súðavíkurhreppur mun ráða inn í samvinnu við Vinnumálastofnun atvinnulausa í starf vegna garðsláttar og lúpínuverkefnis og tilfallandi sumarið 2020 til loka ágúst.

KEG
K&K SK
P&G
EFG

6. Reglur um byggðakvóta Súðavíkurhrepps 2019-2020.
Karl Guðmundur Kjartansson vísar af fundi undir þessum lið.
Sveitarstjórn samþykkir reglur fyrir úthlutun byggðakvóta Súðavíkurhrepps fyrir fiskveiðarárið 2019/2020.
7. Gjaldskrá Súðavíkurhrepps.
Karl Guðmundur Kjartansson kemur inn á fund aftur.
Gjaldskrá byggingarfulltrúa Súðavíkurhrepps felld úr gildi, verður endurskoðuð og lögð fyrir næsta fund sveitarstjórnar.
8. Sorpmál og refaveiðar – Inndjúp.
Súðavíkurhreppur er með samning við refaskyttu um veiðar á ref og mink í Súðavíkurhreppi og hefur hann umsjón með veiðum. Veiðar og fyrirkomulag verða undir hans stjórn með vísan til samnings sem gerður var 2019.
Sveitarstjóra falið að skoða sorpmál í Inndjúpi og finna lausn á málum vegna staðsetningar gáma og soprhirðu.
9. Skýrsla sveitarstjóra.
Staða ljósleiðaramála: Sveitarstjóra falið að semja um tengingu ljósleiðara fyrir Súðavíkurþorpið sem fyrst.
Brýnt er að hefja vinnu við viðhald á skóla strax þannig að unnt sé að ljúka framkvæmdum fyrir næsta skólaár og sveitarstjóra falið að fylgja málinu eftir af festu.
Sveitarstjóra falið að klára samninga við Vegagerðina um grindahlið.

Fleira ekki gert.


Fundi slitið kl. 12:06


Elsa G. Borgarsdóttir


Elín Gyfjadóttir


Karl Guðmundur Kjartansson


Örn Elías Guðmundsson


Samúel Kristjánsson oddviti